

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 20. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi Aðalgötu 60 og 62.

Breytingin felst í að skilgreindar eru lóðir fyrir verslun, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði, hótél og gististarfsemi í samræmi við skilmála aðalskipulags Reykjanesbæjar.

Málsmeðferð var í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 19. desember 2017 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Dalsbrautar 8.

Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 14-16 íbúðum í 14-22 og bílastæðakrafa fer úr 1,8 í 1,6 á íbúð, en skilmálar deiliskipulagsins óbreyttir að öðru leyti.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 7. apríl 2018.*

**Kjartan Már Kjartansson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. apríl 2018